




Reykjavík, 4. september 2025
USK25070296 / SM

Sigtún 28-40 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. ágúst 2025 var lögð fram fyrirspurn Íslandshótel ehf., dags. 23. júlí 2025, um breytta legu bílastæða í Sigtúni frá Kringlumýrarbraut að gatnamótum við Gullteig, til samræmis við legu bílastæða fyrir framan Ásmundarsafn, samkvæmt fyrirspurnartillögu Atelier arkitekta, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag í gildi

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4, Laugardal, og er hluti af miðsvæði, M2.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sigtúnsreit, samþykkt í borgarráði 15.5.1985, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Fyrirliggjandi fyrirspurnartillaga gerir ráð fyrir auknum fjölda bílastæða við Sigtún ásamt því að legu bílastæða verður breytt, frá því að vera samhliða götu, sbr. gildandi deiliskipulag hér fyrir ofan, í það að vera þvert á götu svo bakka þurfi úr stæðum, sbr. mynd hér fyrir neðan.



Reykjavík



Leitað var álits skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og er álit þeirra svo hljóðandi:

Deiliskipulag fyrir þá uppbyggingu sem er í gangi núna, þ.e. við Sigtún 38 og 40, var samþykkt árið 2015, eða fyrir gildistöku bíla- og hjólastæðastefnu. Samkvæmt því deiliskipulagi eiga að vera 1 bílastæði á hverja 65 m² A-rýmis á lóð Sigtúns 38 og 1 bílastæði á hverja hverja íbúð við Sigtún 40. Deiliskipulag fyrir aðrar lóðir við Sigtún vestan Gullteigs var samþykkt árið 2002, þar eru flest húsin sem eru með verndaða götummynd og húsaröð með umhverfislegt gildi. Samkvæmt því deiliskipulagi er gert ráð fyrir 2 bílastæðum á lóð, nema þar sem því verður ekki við komið. Fjöldi íbúða í norðanmegin í Sigtúni, vestan Gullteigs, eru 36 í 10 húsum og innan allra lóða eru bílskúrar. Mismunandi er hvort bílskúarnir séu ein- eða tvöfaldir, en samtals eru 16 bílastæði í bílageymslum og 3 önnur skráð innan lóðanna. Umfram það eru 70 bílastæði í götu við Sigtún vestan Gullteigs, eins og staðan er í dag. Samkvæmt gildandi bíla- og hjólastæðastefnu er umrætt svæði á svæði I, þar sem viðmiðunarfjöldi bílastæða er 0,25-0,75 bílastæði á íbúð eftir herbergjafjölda og fyrir hótél er 0,1 bílastæði á herbergi að viðbættum bílastæðum fyrir ráðstefnusali o.þ.h.

Af þessu leiðir að fjöldi bílastæða á svæðinu er töluvert umfram viðmið í bíla- og hjólastæðastefnunni, og reyndar einnig umfram hámark sem þar er. Það er því ekki að sjá að málefnaleg rök liggi að baki því að fjölga bílastæðum á borgarlandi á kostnað gróðurs eða annarrar landnýtingar, og fer það einnig gegn markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur, Svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins og Landsskipulagsstefnu. Deild samgangna mælir því með að taka neikvætt í fyrirspurnina.

Niðurstaða

Skv. áliti skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar teljast næg bílastæði vera til staðar. Ennfremur er litið svo á að bílastæði þvert á götu, sem bakka þarf úr út í götu, hafi mun meiri hættu í för með sér fyrir aðra vegfarendur en bílastæði sem eru samsíða götu. Því er ekki hægt að verða við ósk um fjölgun bílastæða.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögd að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík